



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara í grunnskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. mars 2023, lagði fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið komi upp viðmiði um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara í grunnskólum Reykjavíkur. Bera verði að fylgja slíku viðmiði eftir í starfi grunnskóla. Stutt verði við rannsóknir sem sýni fram á hvert æskilegt hlutfall sé með tilliti til sem bestar kennslu og starfsskilyrða kennara og nemenda. Jafnframt verði málið unnið í nánú samráði við kennara og óskað eftir þeirra umsögnum og athugasemdum. Tekið verði mark á þeim niðurstöðum þegar kemur að því setja hið nýja viðmið.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Þróun fjölda barna á stöðugildi 2013 - 2021



Mynd 1. Þróun fjölda nemenda á stöðugildi í grunnskólum borgarinnar 2013 - 2021

Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar hefur meðalfjöldi nemenda á hvern umsjónarkennara lítið breyst frá árinu 2013, ýmist verið 21 eða 22 milli ára. Meðalfjöldi nemenda á hvern kennara í grunnskólum borgarinnar er einnig nánast sá sami 2021 og 2013 eða um 11 nemendur á hvern kennara. Nemendum á hvert stöðugildi í grunnskólum borgarinnar hefur heldur fækkað eða úr um sjö nemendur árið 2013 í um sex nemendur á hvert stöðugildi í grunnskólum. Þessi þróun er í samræmi við þróunina í öðrum OECD löndum, þ.e. að milli 2013 og 2019 virðist bekkjarstærðir á skólastigum sambærilegum við grunnskóla borgarinnar hafa að mestu staðið í stað (OECD, 2022).

Í nýju úthlutunarlíkani fyrir grunnskóla borgarinnar, Eddu, eru nú þegar notaðir ákveðnir stuðlar til að meta þörf skóla fyrir fjármagn til kennslu. Sett eru viðmið um grunnfjölda, settir inn stuðlar þegar fjöldi fer umfram grunn og skiptistundir. Þessi aðferðafræði tryggir að skólar hafa sveigjanleika til að ákveða bekkjarstærðir í samræmi við samsetningu nemendahópsins. Viðmiðun í 1. og 2. bekk eru 20 nemendur, í 2. og 4. bekk 24 nemendur, í 5. – 7. bekk 26 nemendur og í 8. – 10. bekk 27 nemendur (sjá töflu 1). Að auki er úthlutað vegna skiptistunda



þar sem hægt er að skipta nemendum í minni hópa þannig að í 1. – 4. bekk eru 4 skiptistundir, 5. – 7. bekk 5 skiptistundir og í 8. – 10 bekk 8 skiptistundir.

Eins og áður segir skapar þessi aðferðafræði tiltekinn sveigjanleika sem skólastjórnendur nýta vel. Haustið 2021 var meðalfjöldi í bekk í grunnskólum borgarinnar eftirfarandi:

	Hámarksstærð	Raun
1. bekkur	20	16,8
2. bekkur	20	16,7
3. bekkur	24	19,4
4. bekkur	24	19,7
5. bekkur	26	20,7
6. bekkur	26	21,9
7. bekkur	26	21,4
8. bekkur	27	22,0
9. bekkur	27	22,3
10. bekkur	27	21,8
Meðaltal	24,7	20,3

Mynd 2. Viðmiðunarstærð og raunstærð bekkja

Í starfshópnum sem vann að nýja úthlutunarlíkaninu voru fulltrúar skólastjórnenda í grunnskólum með reynslu af að skipuleggja skólastarf í ólíkum skólagerðum. Líkanið var þannig unnið í góðu samstarfi við þá aðila sem besta þekkingu hafa af skipulagi skólastarfs við ólíkar aðstæður.

Að auki var sú breyting gerð á úthlutun fjármagns til grunnskóla borgarinnar á síðasta ári að þá fengu 18 skólar úthlutun samkvæmt LOI-stuðli þar sem veitt er sérstakt fjármagn vegna félagslegrar samsetningar í skólahverfi en með því hafa skólar möguleika á að aðlaga skólastarfið betur að félagslegum breytileika milli skóla þannig að skólar í viðkvæmu samfélagi geti betur mætt þörfum nemendahópsins fyrir aukin tækifæri til náms. Hluti þess fjármagns er áætlaður vegna launa starfsfólks og er þá hægt að nýta til að skipta upp nemendahópum eða fjölga starfsmönnum í einstaka hópum.

[Rannsókn](#) sem gerð var á fámennum skólum hér á landi benti til þess að stærð nemendahópa ein og sér sagði ekki til um gæði kennslunnar heldur virtust samskipti kennara við nemendur, viðmót og kennsluhættir í fámennum aldursblönduðum hópi segja til um gæði þess starfs sem fram fór í skólastofunum.

Starfshópur um nýliðun og starfsumhverfi kennara sem stofnaður var í kjölfar úttektar á starfsumhverfi kennara 2017 hafði það hlutverk að styrkja faglega stöðu grunnskólakennara og leita leiða til að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara. Eitt af því sem hópurinn skoðaði voru þeir álagspættir sem kennarar telja sig upplifa hvað mest í sínu starfi. Ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið síðasta áratuginn benda til þess að grunnskólakennarar upplifi meira starfsálag en margar aðrar starfsstéttir og meðaltal allra Íslendinga. Kennarar hafa aðallega nefnt fjölgun nemenda með sérþarfir, aukin hegðunarvandkvæði, meiri kröfur og væntingar um samskipti við heimilin, fleiri fundir og breytingar á skipulagi starfshátta. Í þeim rannsóknum sem starfshópurinn byggði niðurstöður sínar á kemur ekki fram að fjöldi nemenda í bekk eða umsjónarhópi einn og sér skapi álag heldur frekar ofangreindir þættir auk takmarkaðs aðgengis að sérfræðingum og skortur á björgum fyrir nemendur með hegðunar- eða námserfiðleika.

Frá 2017 hefur markvisst verið unnið að því að bæta starfsumhverfi kennara og þann stuðning sem þeir geta fengið frá skólaláþjónustu á borgarmiðstöðvum. Með tilkomu verkefnisins Betri



borg fyrir börn (BBB) eru hegðunarráðgjafar, talmeinafræðingar og fleiri sérfræðingar nú starfsmenn skóla- og frístundasviðs. Farteymi voru stofnuð sem nú eru hluti af sérfræðingateymi á borgarmiðstöðvunum. Allir þessir sérfræðingar vinna í góðu samstarfi við skólasálfræðinga og aðrar sérfræðinga sem sinna málefnum barna og fjölskyldna á miðstöðvum borgarinnar.

Umboðsmaður barna sendi mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 21. febrúar 2012 erindi þar sem m.a. var spurt hvað ráðuneytið telji eðlilegt að ætla einum kennara að sinna mörgum börnum þannig að hægt sé að ná markmiðum grunnskólalaga. Í [svari ráðuneytisins](#) kemur fram að ráðuneytið taldi ekki rétt að taka afstöðu til fjölda nemenda í bekk þar sem aðstæður og viðfangsefni nemenda gætu verið með mismunandi hætti.

Samkvæmt [OECD](#) benda niðurstöður rannsókna til að veik tengsl séu milli minni bekkjarstærðar og árangurs nemenda. Það er heldur ekki einhugur um hvað sé æskilegur fjöldi nemenda á hvern kennara á mismunandi aldurstigum nemenda en samstaða virðist um að yngri nemendur þurfi meiri tíma og meiri samskipti við kennara sína til að fá gæðakennslu sem styður hugmyndir um færri nemendur á hvern kennara í yngri aldurshópunum. Vísbendingar eru einnig um að minni nemendahópar geti gagnast nemendum með veikan félagslegan bakgrunn. Rannsóknir styðja einnig að jákvæð tengsl séu milli fámennari nemendahópa og starfsánægju kennara.

Skóla- og frístundasvið telur því að nú þegar séu til viðmið um hámarksfjölda nemenda í bekkjum eða námshópum í grunnskólum borgarinnar. Þessi viðmið voru sett í samráði við skólastjórnendur í grunnskólum borgarinnar sem besta þekkingu hafa af skipulagi skólustarfs við ólíkar aðstæður.